

Starfandi er frístundin Demantabær við Lindaskóla sem ætluð er fyrir 1.-4. bekk.

Demantabær er opinn frá kl. 13:20-17:00 mánudaga til föstudags.

Demantabær er opinn alla daga sem grunnskólarnir starfa og einnig allan daginn þrjá af fimm skipulagsdögum Lindaskóla. Starfsmenn Demantabæjar eru með tvo skipulagsdaga á skólaárinu á sama tíma og skipulagsdagar skólans. Lokað er á skólasetningardegi og í vetrarfríum skólanna.

Demantabær er staðsettur inni í Lindaskóla á sama gangi og 1. bekkur er á morgnana. Auk þeirrar aðstöðu sem við höfum þar, höfum við aðgengi að íþróttasal skólans, bókasafninu (Lindasafni) og heimilisfræðistofu.

Starfsemi Demantabæjar byggist á hópastarfi í bland við frjálsan leik og útivist og eru lykilorð okkar **frelsi og fjölbreytni**.

Starfsmenn Demantabæjar eru: Nói Jónsson, Hafdís Eygló Unnsteinsdóttir, Linda Peneze, Sól Dís Gísladóttir, Baldur Hjartarson, Arwa Ahmed Hussein Al-Fadhli, Diana Kyburyte, Halla Vigdís Jóhannsdóttir og Sigurður Haukdal Styrmisson.

Forstöðumaður Demantabæjar er [Kristín Lilly Kjærnested](#).

Beinn sími (Demantabær) 441 3026 og Lindaskóli 441 3000.

Allar umsóknir í frístundina og breytingar á vistunartíma þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar og er gert í gegnum [Íbúagátt Kópavogsbæjar](#). Sækja þarf sérstaklega um afslátt af dvalargjöldum í frístundina í gegnum gáttina.

Gjaldflokkar frístundar frá 1. jan '18 eru eftirfarandi og miðast við eina, tvær, þrjár eða fjórar klst. á dag.

	Almennt gjald	Annað barn m. systkinaafslætti	Þriðja barn m. systkinaafslætti	Fjórða barn m. systkinaafslætti
Allt að 20 klst. á mán	7529 kr.	5203 kr.	1882 kr.	-
21-40 klst.	13.178 kr.	9225 kr.	3295 kr.	-
41-60 klst.	17.571 kr.	12.230 kr.	4393 kr.	-
61-80 klst.	20.708 kr.	14.496 kr.	5177 kr.	-
Matargjald á dag	138 kr.	138 kr.	138 kr.	138 kr.

Peir sem greiða lægra gjald, eru einstæðir foreldrar, námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu námi og öryrkjar með metna örorku 75% eða meira. Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar um námsárangur eftir hverja önn og kemur þá afsláttur til framkvæmda næsta mánuð/mánuði.

	Lægra gjald	Annað barn m. systkinaafslætti	Þriðja barn m. systkinaafslætti	Fjórða barn m. systkinaafslætti
Allt að 20 klst. á mán	5270 kr.	3689 kr.	1318 kr.	-
21-40 klst.	9225 kr.	6458 kr.	2306 kr.	-
41-60 klst.	12.300 kr.	8610 kr.	2994 kr.	-
61-80 klst.	14.496 kr.	10.147 kr.	3624 kr.	-
Matargjald á dag	138 kr.	138 kr.	138 kr.	138 kr.

Systkinaafsláttur er 30% af dvalargjaldi fyrir annað barn, 75% af dvalargjaldi fyrir þriðja barn og 100% fyrir fjórða barn eða fleiri. Systkinaafsláttur gildir einnig ef yngri systkini (6 mánaða og eldra) er hjá dagforeldri, gegn framvísun staðfestingar. Systkinaafsláttur gildir einnig í frístund grunnskóla. Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri systkina. Systkinaafsláttur eða annar afsláttur gildir einnig fyrir þá sem greiða lægra gjald.

Í þeim tilvikum þar sem yngri systkini eru í vistun á stofnunum Kópavogsbæjar er nóg að skrá vistun yngri systkina í umsókn um systkinaafslátt í íbúagátt ásamt upplýsingum um vistun en ekki er þörf á frekari staðfestingu. Í þeim tilvikum þar sem yngri systkini eru á einkaleikskólum eða hjá dagforeldrum þá er valið „annað“ fyrir þjónustu sem yngri systkini sækir og þá er nauðsynlegt að setja inn viðhengi með umsókn þar sem fram kemur staðfesting frá dagforeldri eða einkaleikskóla á viðkomandi vistun.

Vikuskipulag Demantabæjar

Mánud.

Þriðjud.

Miðvikud.

Fimmtud.

Föstud.

<i>Kl. 13:20</i>	Börnin mæta	Börnin mæta	Börnin mæta	Börnin mæta	Börnin mæta
<i>Kl. 13:25-16:00</i>	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til	Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til
<i>Kl. 14:00-14:45</i>	Kaffitímar	Kaffitímar	Kaffitímar	Kaffitímar	Kaffitímar
<i>Kl. 13:30-15:50</i>	Bókaklúbbar 1.-4. b./ Bókasafn	Valhópar	Valhópar (borðtennis 3. og 4. b)	Valhópar	Valhópar (borðtennis 3. og 4. b)
<i>Kl. 13:30-15:50</i>	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist
<i>Kl. 14:20-15:45</i>	Íþróttasalur 3. og 4. b Íþróttasalur 2.b	Matreiðsla 3.-4. b Íþróttasalur 1. b	Íþróttasalur 1. b Íþróttasalur 2. b	Íþróttasalur 3. og 4. b	Íþróttasalur allir
<i>Kl. 14:10-15:30</i>	Skák 1.-4.b	Textílmennt 2.-4.b	Valhópar	Matreiðsla 2. b	Valhópar
<i>Kl. 14:15-15:30</i>	Valhópar	Föndur	Föndur	Bókasafn sögustund 1. b	Dans party
<i>Kl. 16:00-17:00</i>	Ávaxtastund / róleg stund	Ávaxtastund / róleg stund	Ávaxtastund / róleg stund	Ávaxtastund / róleg stund	Ávaxtastund / róleg stund